

ist um allt að 8 vikum, eða til þriðjudagsins 10. júlí 1973, klukkan 1134.

Fimmtudaginn 24. maí 1973.

Nr. 28/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari
ríkisins)

gegn

Hjörleifi Guðmundssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði er í máli þessu sóttur til saka fyrir brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var sótt og varið munnlega, svo sem boðið er í 1. málsg. 1. tl. 130. gr. laga nr. 82/1961. Fór munnlegur málflutningur fram hinn 10. maí 1972. Segir svo í lok bókunar í því þinghaldi: „Eftir ítrekun krafna lögðu báðir (þ. e. saksóknari og verjandi) málið í dóm“. Ekki er þó bókað, að málið hafi verið dómtekið þá. Hinn 16. maí 1972 er tekin skýrsla fyrir dómi af einu vitni sem komið hafði fyrir rannsóknarlögreglu. Er bókað í þingbók, að sækjandi og verjandi séu samþykkir þessari fyrirtöku máls, en óski ekki að vera viðstaddir. Næst þingaði dómari í málinu hinn 20. ágúst 1972. Segir svo í upphafi bókunar: „Málið var dómtekið, en hvorki saksóknari né verjandi ákærða óskuðu eftir frekari málflutningi eftir yfirheyrslu vitnisins Ellerts Svavarssonar“, þ. e. vitnis þess, er kom fyrir dóm hinn 16.

maí 1972. Í þinghaldi hinn 29. ágúst 1972 var kveðinn upp dómur sá, sem áfrýjað hefur verið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, leið röskur hálfur fjórði mánuður frá því, að munnlegur málflutningur fór fram, unz dómur var kveðinn upp. Munnlegur málflutningur kemur ekki að því gagni, sem til er ætlað, þegar svona langur tími líður frá flutningi máls til dómsuppsögu. Er þessi réttarfarsháttur brot á 165. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til málflutnings af nýju og til uppsögu dóms.

Með bréfi til sakadóms Hafnarfjarðar 30. janúar 1971 setti Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómslögmaður fram bótakröfu vegna Jóns E. Sigurjónssonar á hendur ákærða. Enn fremur sótti hann dómþing með nefndum Jóni, er hann gaf skýrslu í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 28. apríl 1971. Á þessum tíma gegndi Sigurður Hallur Stefánsson starfi fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði. Var hann löggiltur til dómsstarfa, og er svo enn. Var óviðeigandi, að dómarafulltrúi gegndi lögmannsstarfi með þessum hætti. Sigurður Hallur Stefánsson áréttaði fyrrgreinda bótakröfu í bréfi til sakadóms Hafnarfjarðar hinn 8. janúar 1973. Þá höfðu tekið gildi reglur nr. 32 10. febrúar 1971 um málflytjandastörf manna í opinberu starfi. Umsýsla fulltrúans með síðargreinda bréfinu fær ekki samrýmzt nefndum reglum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða, kr. 15.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings af nýju og dómsuppsögu.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 29. ágúst 1972.

Árið 1972, þriðjudaginn 29. ágúst, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 877/1972: Ákærvaldið gegn Hjörleifi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Hjörleifi Guðmundssyni skrifstofumanni, Laufási 1, Garðahreppi, fyrir að hafa að kvöldi fimmtudagsins 31. desember 1970 slegið Jón Egil Sigurjónsson, Hringbraut 64, Hafnarfirði, þungt hnefahögg í andlitið, er þeir voru staddir á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, með þeim afleiðingum, að Jón Egill hlaut brot á þremur stöðum á efri kjálka hægra megin.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 26. júlí 1920, og hefur sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

1960 16/1 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1962 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Af hálfu ákærða hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu og aðallega krafizt sýknu af kröfu ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er krafizt frávísunar á skaðabótakröfunni og henni efnislega mótmælt.

Málavextir eru þessir:

Á gamlársdag 1970 einhvern tíma á tímabilinu frá klukkan 1630 til 1830 kom Jón Egill Sigurjónsson, Hringbraut 64, Hafnarfirði, inn á afgreiðslu Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar, og var ætlun hans að fá leigubíl með sig heim. Var hann nokkuð undir áhrifum víns. Þarna inni á stöðinni var þá ákærði, sem veitti henni forstöðu. Er Jón sá ákærða, kvað hann hafa hlaupið í sig illt blóð og hann farið að stríða ákærða, ýtt við honum og slegið til hans, en gat ekki, er hann var fyrst yfirheyrður, gert sér grein fyrir, hvar höggið lenti, en taldi síðar, er hann bar hér fyrir dómi, að við höggið hefði ákærði misst hattinn og hefði því höggið lent á hatti hans. Hann kvaðst svo hafa hrint ákærða, sem við það hafi fallið á legubekk, en um leið og hann hefði dottið, hefði ákærði slegið hann með vinstri hendi og höggið lent á hægra kinnbeini hans. Kvaðst Jón hafa vankast við höggið, en Ellert bílstjóri á

BSH hafi farið með hann út fyrir og Jón á G 1480 farið með hann á lögreglustöðina. Á lögreglustöðinni hafði Jón litla viðdvöl. Lögregluvarðstjórinn, Gísli Sigurðsson, segir í skýrslu sinni, að Jón hafi verið allmikið ölvaður, er hann kom, og hann bent honum á, að þannig á sig kominn gæti hann ekki verið þar.

Fór Jón þá samstundis út aftur án þess að bera fram kæru eða kvörtun, og tók varðstjórinn ekki eftir því, að hann væri með áverka. Jón hafi hringt í hann tveimur til þremur tímum síðar og þá verið að spyrjast fyrir um ferðir sínar, en ekki minnst á, að hann hefði orðið fyrir neinu misjöfnu.

Jón kvaðst muna það næst, að hann vaknaði heima hjá sér um klukkan 2430, og fann hann þá til sársauka í kinnbeininu. Fór hann til Kristjáns Jóhannessonar lækni 4. janúar 1971, sem lýsir meiðslum hans þannig:

„Við skoðun sést að andlitið er bólgið nokkuð h. megin neðan auga og mikil eymsli þar. Röntgenmynd tekin af höfði á Sólvangi 4/1 sýndi efri kjálka hægra megin brotinn á þremur stöðum, en brot ekki úr lagi færð, svo neinu nemi...“

Læknirinn vottaði og, að Jón hefði verið óvinnufær vegna þessara meiðsla frá 31. desember 1970 til 18. janúar 1971. Og er ákærði kom fyrir dóm 28. apríl 1971, kvaðst hann ekki hafa náð sér eftir áverkann og kvaðst þá finna enn til dofa í andlitinu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Jón í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa komið upp á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar um klukkan 1630 þennan dag og skömmu síðar hafi komið inn á stöðina Jón E. Sigurjónsson, sem honum virtist nokkuð ölvaður. Kvað hann Jón þegar hafa ráðizt að sér með orðaskaki og hnippingum, m. a. hafi hann ráðizt að ákærða, náð hálstaki og dregið hann niður í legubedda í bílstjóraherberginu. Þar kvaðst ákærði hafa getað snúið sig af honum og gengið fram í afgreiðslu, en Jón elt hann og dregið til baka, en ákærði enn rífið sig af honum og beðið um, að hringt yrði á lögreglu og maðurinn tekinn. Þá hafi það gerzt, að Jón hafi stokkið á hann, hnibbað í hann með öxlinni, ákærði ýtt honum frá sér, en Jón komið strax aftur og rekið ákærða kjaftshögg, sem lent hafi á vinstra munnviki og fleiðrazt hafi undan því á tönn, en ekkert verulegt sár komið. Þá um leið kvaðst ákærði hafa hallazt aftur á bak upp að legubeknum og slegið út í loftið með vinstri hendinni og höggið lent á hægri neðri kjálka Jóns, og hnúinn lent neðan við efri tanngarð Jóns, sem við höggið hafi snúizt álútur.

Ákærði kvað svo Jón með hnefaskaki hafa gert sig líklegan

til frekari árásar, og kvaðst ákærði þá hafa gripið í bringu hans og haldið honum frá sér, en í því hafi Ellert Svavarsson, Holts-
götu, sem þarna var viðstaddur, tekið hægri hönd Jóns og ákærði
þá vinstri og þeir hafi lagt hann í gólfið og hann þá gefizt upp. Hann
hefði umfram allt beðið um, að lögreglan yrði ekki látin hirða
sig. Hann hafi staðið upp, setzt á legubekk og verið rólegur og
ákærði ekki fylgzt náíð með honum eftir það. Ákærði kvaðst ekki
vera örvhentur.

Vitnið Ellert Sigurður Svavarsson bílstjóri, til heimilis að Holts-
götu 20, Hafnarfirði, kvaðst hafa verið ásamt ákærða að telja
vörulager BSH milli klukkan 17—18 á gamlársdag. Hafi þá Jón
Sigurjónsson, sem vitnið þekkir, ruðzt inn á stöðina og verið áber-
andi ölvaður. Hann hafi þegar byrjað að atast í ákærða, m. a. með
því að taka af honum hattinn og hrinda honum til. Ákærði hafi
beðið hann að hætta þessum fíflangangi, en Jón ekki sinnt því,
heldur haldið áfram uppteknum hætti og ákærði þá spurt hann,
hvað hann meinti með slíkum látum, hvort hann væri að sækjast
eftir slagsmálum, og Jón svarað með þessum orðum „alveg eins“.

Jón hafi svo eftir að hafa sakað ákærða um, að hann hafi stað-
ið að því, að hann var látinn hætta að aka á BSH á sínum tíma,
slegið hann með hægri hendi á vinstri kjálka. Þá hafi ákærði
slegið Jón með vinstri hendi, krepptum hnefa, og hafi það högg
lent á hægri kjálka Jóns, sem hafi verið smástund að jafna sig
eftir það, en þó ekki fallið við. Jón hafi ráðizt aftur á ákærða,
og blandaði vitnið sér þá inn í átök þeirra, og tókst því og ákærða
að leggja Jón í gólfið og halda honum þannig þar, að hann hafi
gefizt upp og beðizt vægðar. Vitnið kvaðst svo hafa talað Jón til
og hann svo farið. Ekki hafi hann kvartað um meiðsli neins stað-
ar. Tveimur til þremur dögum síðar hafi hann talað við það og
þá aðallega verið að spyrja um, hvað hafi komið fyrir, hvernig
þessi umtöluðu átök hafi verið og jafnframt sagt því frá meiðslum
á hægri kinnbeini.

Vitnið kvað ákærða hafa verið allsgáðan, en því virzt sem snögg-
lega hafi fokið í hann, er Jón sló hann.

Vitnið Jón Friðleifsson, Austurgötu 26, Hafnarfirði, kvaðst hafa
komið inn á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg ein-
hvern tíma gamlaárskvöldið 1970 og þá verið þar inni hjá bílstjór-
unum ákærði og Jón Egill Sigurjónsson, sem hafi verið að flangsa
utan í ákærða, sem ýtt hafi Jóni frá sér. Jón hafi þá farið að
munnhöggvast við ákærða og ákærði þá slegið hann. Taldi vitnið
höggið hafa lent á vinstri kinn Jóns, en var þó ekki viss um á

hvorri kinninni það lenti, en við höggið hafi Jón hálfpartinn dott-ið á hnén.

Ástæðuna fyrir stríðni sinni við ákærða kvað Jón vera, að ákærði hafi verið óliðlegur við hann, meðan hann var leigubif-reiðarstjóri á þessari stöð, og einnig hafi hann neitað honum um stöðvarpláss.

Ákærði kveður það rétt, að hann hafi neitað Jóni um stöðvar-pláss, en neitar því, að hann hafi verið óliðlegur við Jón, heldur þvert á móti verið honum innan handar með því t. d. að lána honum stöðvargjöldin.

Ákærði hefur haldið því fram, að afleiðingarnar af höggi því, sem hann veitti Jóni, geti ekki hafa verið svo alvarlegar sem læknisvottorð sýni, og hefur hann gefið í skyn, að meiðsli Jóns stafi af einhverju öðru.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem geri það líklegt. Eftir því sem næst verður komizt fóru átök ákærða og Jóns fram á tímabilinu frá 1700—1800. Jón G. Kristinsson leigubílstjóri, Smyrlahrauni 50, Hafnarfirði, ók honum í umrætt sinn frá BSH að lögreglustöðinni. Kvað það Jón hafa verið hálfkjökrandi, er það tók hann í bifreið sína, ekki viljað segja því, hvers vegna hann fór á lögreglustöðina, en talað um, að það mundi fréttu það síðar. Þó minnti vitnið, að Jón hefði verið að tala um, að hann væri brotinn í andliti. Kona Jóns, Jóhanna Gísladóttir, kvað Jón hafa komið þetta kvöld 10—15 mínútum of seint til matar, en borða hafi átt klukkan 1800. Hafi hann einungis sagt „Hann sló mig“, en síðan gengið til náða og sofið til um klukkan 2130, en þá vaknað dofinn mjög í andliti og þá haft samband við lækni. Hún kvað Jón hafa komið gangandi heim frá lögreglustöðinni með smáviðdvöl í anddyri hússins nr. 65 við Hringbraut. Ekki vissi hún til þess, að Jón hefði orðið fyrir neinu áfalli á leiðinni. Ekki telst það vera löng leið frá lögreglustöðinni að heimili Jóns.

Bendir allt þetta til þess, að ekkert hafi verið óeðlilegt við ferð-ir Jóns eftir átökin og að hann hafi komizt stuttu eftir þau og án annarra áfalla heim. Verður því á því byggt í máli þessu, að meiðsli Jóns á hægri kinn stafi af höggi því, sem ákærði veitti honum.

Af því, sem fram er komið, þykir í ljós leitt, að ákærði sló Jón Egil Sigurjónsson vinstri handar hnefahögg á hægri kinn, svo að hann hlaut þrjú brot á efri kjálka hægra megin auk þess að bólgna upp neðan við hægra auga, þar sem voru mikil eymsli. Jón var óvinnufær af þessum sökum, frá því hann varð fyrir

högginu 31. desember 1970 til 18. janúar 1971, og fann auk þess dofa og óþægindi í andlitinu fram eftir vetrinum og lengur.

Ekki verður mark tekið á þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi einungis ætlað að banda frá sér, heldur verður að telja, að með vætti vitna, og þegar virt er, hversu miklar afleiðingar höggins urðu, að það er veitt með krepptum hnefa, sé sannað, að vilji ákærða stóð til að slá Jón Egil, þó að hins vegar verði ekki talið ljóst, að ásetningur hans hafi verið að valda honum líkamstjóni, sem telja verður hafa orðið fyrir gáleysi.

Ákærði hafði orðið fyrir ólögmætri líkamsárás af hálfu kæranda, sem ákærði á engan hátt gaf tilefni til og átti hendur sínar að verja. Hins vegar verður talið, þegar aðstæður eru virtar, að ákærði hafi farið út fyrir eðlileg mörk neyðarvarnar.

Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir atvikum og samkvæmt heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu og verði ekkert af henni, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt nefndri 57. gr., sbr. lög nr. 22/1955, í 3 ár frá uppsögu dóms þessa.

Kærandi, Jón E. Sigurjónsson, hefur gert kröfu til skaðabóta, sem hann sundurliðar þannig:

1. Vinnutap	kr. 12.114.00
2. Lækniskostnaður	— 750.00
3. Óþægindi og þjáningar	— 25.000.00
	Kr. 37.864.00

Ákærði hefur krafizt frávísunar vegna vanreifunar, en ekki verður fallizt á það.

Með því að kærandi með hinni ólögmætu árás gaf tilefni til þess að vera sleginn og á þannig að nokkru leyti sök í máli þessu, verður sök skipt til helminga.

Skal nú vikið að kröfunni í einstökum atriðum:

Um kröfulið 1. Tjónþoli hefur lagt fram afrit launaseðils frá Bátalóni h/f, og kemur þar fram, að vinnuvikuna frá 18. janúar 1971-23. janúar 1971 er vikukaup hans kr. 5.504.60, og er það lagt til grundvallar kröfugerð hans og ekki mótmælt af hálfu ákærða. Tjónþoli var tvær vinnuvikur frá vinnu vegna áverkans og hefði

kaup hans fyrir það tímabil orðið kr. 11.009.20, og þykir mega fallast á kröfuna með þessari breytingu.

Um lið 2. Hér er um beinan lækniskostnað að ræða samkvæmt reikningi og kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Um lið 3. Þegar virt er, að tjónþoli var dofinn í andliti nokkuð lengi eftir árásina, þykir krafan samkvæmt þessum lið í hóf stillt og er tekin til greina.

Ákærða ber því að greiða tjónþola, Jóni E. Sigurjónssyni,
 kr. 36.759.20 : $\frac{1}{2}$ = kr. 18.379.60

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin kr. 8.000.00 í saksóknarlaun og kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar.

Drætti á dómsuppsögu veldur annríki dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákvörðun refsingar á hendur ákærða, Hjörleifi Guðmundssyni, er frestað og kemur ekki til, ef ákærði heldur almennt skilorð samkvæmt 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, í 3 ár.

Ákærði greiði Jóni Agli Sigurjónssyni, Hringbraut 64, Hafnarfirði, kr. 18.379.60.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.